

REGLUGERÐ

Um breytingu á reglugerð nr. 30, 4. apríl 1962,
fyrir Landsbanka Íslands.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Vextir skulu leggjast við höfuðstól minnst einu sinni á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 11, 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 3. september 1980.

Tómas Árnason.

Pórhallur Ásgeirsson.

17. júlí 1980.

Nr. 505.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til styrktar stúdentum í raunvísindanámi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. júlí 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar
til styrktar stúdentum í raunvísindanámi.

Í samræmi við erfðaskrá hjónanna Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar, dags. 31. 8. 1971, og viðbótarerfðaskrá Helgu Jónsdóttur, dags. 3. 7. 1974, stofna undirritaðir skiptaforstjórar í dánarbúi nefndra hjóna sjóð með eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til styrktar stúdentum í raunvísindanámi.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnalítla stúdenta með góða námshæfileika, sem einkum leggja stund á raunvísindanám. Nettótekjum sjóðsins skal árlega varið í þessum tilgangi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 12.5% af nettósöluandvirði eignarhluta hjónanna í fyrirtækinu Silli & Valdi, reiðufé og skuldabréf. Stofnféð skal haldast óskert. Sjóðinn ber að ávaxta í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggum hætti.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn tilnefndir af dómsmálaráðuneytinu til 5 ára í senn. Ef þess er kostur, skulu tveir stjórnarmenn vera úr hópi ættingja Sigurliða og Helgu, þannig að ættingjar hvors þeirra eigi fulltrúa í stjórninni, en 3. maðurinn skal vera prófessor við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands og er hann formaður sjóðsstjórnar. Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma, tilnefnir dómsmálaráðuneytið nýja stjórnarmenn. Dómsmálaráðuneytið getur vikið stjórnarmanni frá störfum, ef bú er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann telst ekki að mati dómsmálaráðuneytisins verður til að sitja áfram í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega. Skal reikningsskilum lokið fyrir 1. júní næsta ár á eftir reikningsári. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Þeir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnarinnar.

Greiða má þóknun til stjórnarmanna og ákveður þá dómsmálaráðuneytið þóknunina með hliðsjón af þeirri vinnu, sem lögð hefur verið fram í stjórnarstarfið.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 506.

17. júlí 1980.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til stuðnings nýjungum í læknisfræði, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. júlí 1980.**

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar
til stuðnings nýjungum í læknisfræði.**

Í samræmi við erfðaskrá hjónanna Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar, dags. 31. 8. 1971, og viðbótarerfðaskrá Helgu Jónsdóttur, dags. 3. 7. 1974, stofna undirritaðir forstjórar í dánarbúi þeirra hjóna sjóð með eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til stuðnings nýjungum í læknisfræði.

2. gr.

Markmið sjóðsins er stuðningur við nýjungar í læknisfræði, einkum á sviði heila- og hjartaskurðaðgerða, augnlækninga og öldrunarsjúkdóma.

Nettótekjum sjóðsins skal árlega varið í þessum tilgangi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.